

Ed.

561. Frumvarp til laga

[273. mál]

um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 29 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 43.5 milljónir sérstakra dráttarréttinda. Seðlabankinn skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10, 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við tillögur, sem samþykktar höfðu verið á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um fjármál og gjaldeyrismál í Bretton Woods í New Hampshire-fylki í Bandaríkjunum árið 1944, gengust rúmlega 40 þjóðir fyrir stofnun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (International Monetary Fund) í lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Íslendingar tóku þátt í ráðstefnunni í Bretton Woods og gerðust aðilar að þessu samstarfi þegar í upphafi. Var stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins undirrituð fyrir Íslands hönd 27. desember 1945 í samræmi við heimild í lögum nr. 105 frá 21. desember 1945. Hafa Íslendingar tekið virkan þátt í þessu samstarfi æ síðan, en þátttökuríkjunum hefur mjög fjölgað með árunum og eru þau nú 139 talsins. Síðast gengu nýfrjálsu ríkin Grænhöfðaeyjar, Salómonseyjar, Dómeníka og Djibouti í samtökin. Utan sjóðsins standa ríki Austur-Evrópu að Rúmeníu og Júgóslavíu undanskildum og örfá önnur ríki, t. d. Kínverska alþýðulýðveldið og Sviss. Ekki er nú talið ólíklegt, að fleiri Austur-Evrópuríki muni sækja um aðild á næstunni, svo og að Kínverska alþýðulýðveldið muni taka við aðild Kína af stjórninni á Formósu.

Tilgangurinn með stofnun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var í aðalatriðum þrjúþættur:

1. Koma á skipulegu kerfi gjaldeyrisviðskipta milli landa, sem yrði laust við hömlur á gjaldeyrisviðskiptum tengdum inn- og útflutningi vöru og þjónustu.
2. Koma á skráningu stofngengis á gjaldmiðlum þátttökuríkja sjóðsins sem ekki væri breytt nema með samþykki sjóðsins.
3. Mynda sjóð sem aðildarþjóðir gætu tekið skammtímalán úr, þegar þær ættu við greiðslujafnaðarerfiðleika að stríða.

1973 var sú breyting gerð að heimilað var sveigjanlegt gengiskerfi aðildarríkja undir eftirliti sjóðsins.

Íslendingar hafa frá upphafi átt mjög náið samstarf við hinar Norðurlandþjóðirnar um aðildina að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þannig hafa Norðurlöndin t. d. skipst á um að eiga aðalfulltrúa í stjórn sjóðsins, sem nú er skipuð 21 manni, en sameiginlegur kvóti allra Norðurlandanna veitir þeim atkvæðamagn til þess að kjósa einn fulltrúa í stjórnina. Norðurlöndin hafa á sama hátt skipst á um að eiga varafulltrúa í stjórninni. Nú er Finninn Matti Vanhala fulltrúi Norðurlandanna í stjórn sjóðsins, en dr. Gísli Blöndal, hagsýslustjóri, er varafulltrúi. Tveir Íslendingar hafa áður gegnt þessum störfum. Samráð Norðurlandþjóðanna um afstöðu í málum á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fer fram á vettvangi fjárhagsnefndar Norðurlanda sem kemur saman þrisvar á ári eða oft og með samráði um einstök mál þar á milli. Annast Seðlabanki Íslands þátttökuna í þessu samstarfi en samkvæmt lögum um bankann er hann fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir ríkisins hönd.

Fjárframlög (kvótar) einstakra ríkja til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins miðast aðallega við þjóðarframléiðslu, hlutdeild hvers ríkis í heimsviðskiptum og sveiflur í gjald-eyristekjum. Af þeim ræðst hve mikla lánamöguleika sérhvert ríki hefur hjá sjóðnum og jafnframt að meginhluta það vægi atkvæða sem hvert ríki hefur í stjórn hans. Einnig byggjast úthlutanir sérstakra dráttarréttinda, SDR, til einstakra ríkja á kvótum þeirra en SDR er gjaldmiðill sem aðildarþjóðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samþykktu 1968 að myndaður yrði til að taka við stöðu dollarans sem alþjóðlegur gjaldmiðill. Verðgildi SDR ræðst í dag af verðgildi 16 helstu viðskiptagjaldmiðla heims sem vegið er með hlutdeild þeirra í milliríkjaviðskiptum í heiminum.

Segja má að SDR sé að byrja að gegna hlutverki alþjóðlegs gjaldmiðils enda bæstast SDR úthlutanir frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum við gjaldeyrisforða aðildarríkja. Þessar einingar ryðja sér einnig til rúms í almennum viðskiptum utan ramma sjóðsins og nærtækt dæmi um notkun þeirra er að stofnfé Norræna fjárfestingarbankans er skráð í þeim. Einnig eru fánleg lán á alþjóðlegum peningamörkuðum sem skráð eru í SDR.

Hinn 1. febrúar s. l. var hver eining SDR jafnvirði 1.28 bandaríkjadals eða um 412 ísl. kr.

Fjórðung fjárframlaganna (kvótanna) bar að greiða í gulli, allt fram til þess tíma er SDR kerfið var tekið upp 1970 en frá þeim tíma er heimilt að greiða fjórðung aukninga með SDR en $\frac{3}{4}$ hlutarnir eru greiddir í mynt viðkomandi ríkis og geymdir hjá aðildarríkinu sem innstæða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Samkvæmt stofnskrá sjóðsins, stendur honum til boða að lána þetta fé öðrum þjóðum eftir almennum reglum ef staða landsins út á við leyfir. Fram til þessa hefur ekki verið farið fram á þetta við íslensk stjórnvöld en að því er Ísland varðar, er þessi innstæða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins geymd í Seðlabanka Íslands.

Íslenska ríkið tók fyrir milligöngu Seðlabankans ferns konar lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á árunum 1974 til 1976. Var hér um að ræða tvö lán eftir almennum reglum sjóðsins en tvenns konar lán voru fengin eftir sérstökum reglum, annars vegar svokölluð olíulán, hins vegar sérstök jöfnunarlán. Afborganir af þessum lánnum hófust 1978.

Alls nam upphæð þessara lána 62.17 milljónum SDR (jafnvirði ca. 25.7 milljarða íslenskra króna miðað við gengi um s. l. áramót). Af þeim voru 39.17 millj. SDR í flokki svonefndra olíulána, 11.50 millj. voru sérstök jöfnunarlán og 11.50 millj. almenn yfirdráttarlán, þar af helmingurinn fenginn af „gullsneið“ (gold tranche) og helmingur af svokallaðri fyrstu „sneið“. En almennum yfirdráttarlánnum er skipt í fimm jafnar „sneiðar“ sem hver um sig er 25% af kvóta. „Gullsneiðin“ samsvarar þeim hluta sem greiddur var í gulli en sem nú má greiða í SDR. Samsvarandi þessum hluta má yfirdraga og greiðast þá ísl. kr. inn á reikning Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Seðlabankanum að sama skapi, þannig að um einskonar gjald-eyriskaup er að ræða. Þegar þessi hluti er endurgreiddur losna ísl. kr. af reikningnum á sama hátt. Á þenna hlut má draga hvenær sem og hann er jafnframt vaxtalaus. Fyrsta „sneið“ er næsta stig almennra yfirdráttarlána og þarf heimild sjóðsins til að draga á hana, en hún er veitt án sérstakra skilyrða. Þannig er mögulegt að yfirdraga allt að 50% af kvóta í formi almennra yfirdráttarlána, án þess að skilyrði séu sett af sjóðsins hálfu. Næstu þrjár „sneiðar“ (þ. e. a. s. önnur, þriðja og fjórða „sneið“) fást einungis yfirdregnar að settum ákveðnum skilyrðum tengdum ríkisfjármálum, peningamálum og seðlaútgáfu.

Vextir sem greiða ber af almennum yfirdráttarlánnum umfram „gullsneiðina“ eru breytilegir. Af þeim hluta af fyrstu „sneið“ sem Ísland skuldar, voru þeir í upphafi 5.375%, en hækka síðan í 6.375% eftir því sem liður á lánstímann. Þessir vextir eru nú 5.875%, en búið er að endurgreiða 4.6 millj. SDR.

Jöfnunarlán eru veitt án skilyrða og geta þau orðið allt að 50% af kvóta en til stendur að hækka þetta hlutfall í 75%. Jöfnunarlánið verður endurgreitt 1979–1980. Vextir af þessu láni eru mismunandi og fara hækkandi eftir því sem lengra

Hður á lánstímann. Upphaflega voru vextirnir 4.375% en verða hæst 6.375%. Þessir vextir eru í dag 5.375%.

Hin svonefndu oliulán sem upphaflega komu til sögunnar í kjölfar oliukreppunnar og voru ætluð til þess að auðvelda oliuinnflutningsríkjum aðlögun að hækkuðu oliuverði, voru fengin í fjórum hlutum, fyrst á árinu 1974, síðan tvö lán á árinu 1975 og loks eitt lán á árinu 1976. Vextir af fyrsta láninu eru 6.875% — 7.125% eftir lánstíma, en vextir af hinum þremur lánunum 7.625% — 7.875%. Vextir af þessum lánunum eru nú 7.125% á láninu frá 1974, 7.750% á lánunum frá 1975 og 7.625% á láninu frá 1976.

Síðustu endurgreiðslur þessara lána eru fyrirhugaðar snemma árs 1983, en í árslok 1978 var búið að endurgreiða 4 718 750 SDR af þessum lánunum.

Fyrirhugaðar afborganir af lánunum til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 1979—1983:

	Almenn yfidráttarlán		Jöfnunarlán	Oliulán	SDR
	„Gullsnæið“	Fyrsta „snæið“			Samtals
1979	2 300 000	4 600 000	2 300 000	8 944 375	18 144 375
1980			9 200 000	9 792 500	18 992 500
1981				9 792 500	9 792 500
1982				5 073 750	5 073 750
1983				848 125	848 125
	2 300 000	4 600 000	11 500 000	34 451 250	52 851 250
Greitt 1978	3 450 000	1 150 000		4 718 750	9 318 750
Samtals	5 750 000	5 750 000	11 500 000	39 170 000	62 170 000

Löng erlend lán og nettóskuld við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Nettóskuld við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn³⁾

	Löng erlend lán ¹⁾		Í hlutfalli af löngum lánunum %	
	Millj. kr.	Millj. kr.	Í lánunum %	Í millj. SDR
1974	41 442	2 249	5.4	15.5
1975	73 027	6 268	8.6	31.4
1976	95 923	12 435	13.0	56.5
1977	134 320	14 615	10.9	56.5
1978	220 000 ²⁾	19 595	8.9	47.3

1) Það er lán opinberra aðila og einkaaðila til eins árs og lengri tíma, þó ekki skuldin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, sem er talin í gjaldeyrisstöðu bankanna.

2) Bráðabirgðatala.

3) Það er skuld að frádreginni „gullsnæiðinni“.

Almennt mun óhætt að segja, að vextir af lánunum þessum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum séu hagstæðir og talsvert lægri en nú myndi unnt að fá á almennum lána- mörkuðum. Þess ber þó vitaskuld að gæta að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er ekki almenn lánastofnun. Lánin sem fengin hafa verið samkvæmt hinum almennu reglum sjóðsins, voru til þess ætluð að styrkja gjaldeyrisstöðu landsins á meðan tekist væri á við tímabundna erfiðleika.

Oliulánin voru eins og áður er frá greint ætluð til þess að auðvelda aðlögun að gjörbreyttum aðstæðum á takmörkuðu sviði, þ. e. a. s. stórhækkuðu oliuverði, og þessi lánaflókkur hefur nú verið lagður niður hjá sjóðnum.

Hin sérstöku jöfnunarlán eru einnig sérstaks eðlis en sá flokkur lána er ætlaður til þess að auðvelda aðildarríkjum sjóðsins að komast yfir óvænta greiðslujafnaðar-erfiðleika sem stafa af ófyrirséðri lækun útflutningstekna.

Heildarkvóti aðildarríkjanna og kvótar einstakra ríkja hafa verið endurskoðaðir með reglubundnum hætti frá því Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tók til starfa og

hinn 11. desember s. l. var einróma staðfest af sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ákvörðun um að hækka heildarkvóta aðildarríkjanna um 50% eða úr 39 milljörðum SDR í 58.6 milljarða SDR. Jafnframt voru gerðar nokkrar innbyrðis breytingar á kvótum örfárra ríkja, þar sem talið var að kvótinn gæfi ekki lengur nægilega rétta mynd af hlutfallslegu mikilvægi viðkomandi ríkja í heimsviðskiptunum. Er þetta í sjöunda sinn sem heildarupphæð kvótanna er hækkuð. Hverju ríki er í sjálfsvald sett hvort það eykur kvóta sinn en vegna þeirra réttinda sem kvótaaukningu fylgja, eru þess fá dæmi að ríki hafi ekki fallist á aukningu kvóta síns, sérstaklega eftir að úthlutun sérstakra dráttarréttinda hófst.

Kvóti Íslands er nú rúmlega 0.07% af heildarkvóta aðildarríkjanna eða 29 milljónir SDR. Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta og ganga frá aukningu á kvóta landsins um 50% í 43.5 milljónir SDR í samræmi við þá reglubundnu endurskoðun sem að er vikið að ofan. Kvóti Íslands hjá sjóðnum var síðast aukinn í samræmi við heimild í lögum nr. 7 frá 29. mars 1977 úr 23 milljónum SDR í 29 milljónir SDR.

Samhliða ákvörðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um allsherjarkvótaaukningu fer nú fram ný úthlutun sérstakra dráttarréttinda. Hin nýja úthlutun SDR hófst um s. l. áramót. Komu þá 3 milljónir SDR í hlut Íslands en ákveðið er að sömu upphæð verði úthlutað til Íslands að nýju 1. janúar 1980 og 1. janúar 1981.

Á árunum 1970—1972 fékk Íslands úthlutað 7.4 milljónum SDR. Þessari upphæð var ráðstafað inn á sérstakan reikning hjá sjóðnum og hefur síðan eftir þörfum verið greitt af honum til að mæta vöxtum og afborgunum af lánnum hjá sjóðnum en einnig hefur Seðlabankinn keypt SDR og lagt inn á reikning þennan eftir þörfum. Hefur hann því í raun verið hagnýttur sem viðskiptareikningur en meðalinnistæða má þó ekki vera lægri en 15% (skilyrði voru 30% fram til s. l. áramóta) af upphaflegri úthlutun. Inni í reikningum voru 8.1 millj. SDR í árslok.

Hækkun kvótans nú um 14.5 millj. SDR eykur almenna yfirdráttarmöguleika án skilyrða um 7.25 millj. SDR. Að auki aukast möguleikar á jöfnunarlánnum um 7.25 millj. SDR (50% kvótaaukningar) sem líklegt er að hækki í 75% kvótaaukningar, eða 10.9 millj. SDR á næstunni. Á móti kvótahækkun þessari koma því auknir lántökumöguleikar án skilyrða sem samtals nema a. m. k. 14.5 millj. SDR.

Eins og áður getur ber að greiða fjórðung kvótahækkunarinnar eða 3.6 millj. SDR í formi SDR. Unnt er að gripa til hinnar nýju úthlutunar SDR til að inna þá greiðslu af hendi. Sá hluti kvótans sem greiddur er í SDR verður talinn hluti af gjaldeyrisforða Íslands eftir sem áður enda verður mögulegt að taka samsvarandi upphæð að láni hjá sjóðnum hvenær sem er, eins og áður er um getið.